



### Fiskislóð, gönguþverun norðan Ánanausta merkt með gangbrautarmerkingu

Lagt er til að gönguþverun yfir Fiskislóð norðan við hringtorgið við Ánanaust sé merkt sem gangbraut með D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gönguþverunin sem um ræðir liggur á milli Bónus og Sorpu. Unnið er að því að bæta aðgengi og öryggi gönguþverunarinnar m.a. með því að breikka miðeyjuna og bæta lýsingu en einnig er æskilegt að merkja þarna gangbraut. Umferð var talin í lok febrúar á þessu ári og voru þá rúmlega 50 gangandi og hjólandi sem þveruðu götuna á einni klukkustund þegar mest var. Á sama tíma óku tæplega 1200 ökutæki hjá. Staðurinn uppfyllir því viðmið leiðbeininga Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um hvenær gönguþveranir eru merktar sem gangbrautir<sup>1</sup>.



Mynd 1 Lagt er til að gönguþverun sem merkt er með rauðu verði gangbraut.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

*Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir*

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Yfirverkfræðingur samgöngumála

<sup>1</sup> [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leidbeiningar\\_gangbrautir/\\$file/2015-01-13\\_Leidbeiningar\\_gangbrautir.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leidbeiningar_gangbrautir/$file/2015-01-13_Leidbeiningar_gangbrautir.pdf)